

Mánudaginn 16. júlí 1917.

Nr. 39/1917.

Valdstjórnin
 gegn
 Davíð Sch. Thorsteinsson
 og
 Eiríki Kjerúlf.

D ó m u r:

Mál þetta hefir verið höfðað fyrir lögreglurétti Ísafjarðarkaupstaðar gegn hinum kærðu læknum, héraðslækni Davíð Sch. Thorsteinsson og aðstoðarlækni Eiríki Kjerúlf á Ísafirði fyrir brot gegn 17. gr. í lögum um aðflutningsbann á áfengi 30. júlí mán. 1909 og var það dæmt af nefndum rétti 12. marz þ. á. á þá leið, að þeir voru hvor um sig dæmdir í 400 kr. sekt til landssjóðs, og báðir til að greiða allan sakarkostnaðinn in solidum. Dómi þessum hefir verið áfrýjað til yfirdómsins fyrir báða hina kærðu eftir ósk þeirra.

Því hefir verið haldið fram af hálfu hinna kærðu, að málunum gegn þeim hafi verið steipt saman ólöglega í eitt mál, og að fyrir því beri að ónýta undirréttardóminn. Að vísu var eigi það samband milli sakargiftanna gegn hinum kærðu, og brot þau, er þeim hafa verið gefin að sök, eru alls eigi samtengt svo að nauðsynlegt hafi verið eða hentugt frá réttarfarslegu sjónarmiði, að sækja þá báða saman í einu máli, en hins vegar þykir þó eigi þurfa að ónýta málsmeðferðina í héraði og undirréttardóminn fyrir þessa sök.

Báðum hinum kærðu læknum er gefið það að sök, að þeir hafi látið af hendi lækni-seðla um áfengi, er notað hafi verið öðruvísi en sem lækni-slyf, og að þeir hafi gjört þetta í svo stórum stíl, að þeim hafi sjálfum hlotið að vera það ljóst, að áfengið oftsinnis var fengið til nautnar, en ekki til lækninga. Í þessu efni er það sannað með áfengisbók lyfjabúðarinnar á Ísafirði, að hinn kærði Davíð Thorsteinsson læknir hafi frá því í maíbyrjun 1915 til aprílloka 1916 gefið út 939 lyfseðla fyrir 288356 grömmum af vínanda, blönduðum og óblönduðum, 26150 gr. af víni og 96150 gr. af konjaki, og eru lyfseðlar þessir gefnir út til 434 manna; sumir þessara manna hafa fengið marga lyfseðla á tímabilinu, allt að því 20, en margir ekki nema einn. Á sama hátt er það sannað, að hinn kærði Eiríkur Kjerúlf hefir á sama tíma gefið út 1131 lyfseðil fyrir 285592 gr. af vínanda, blönduðum og óblönduðum, 70250 gr. af víni og 126538 gr. af konjaki, og eru lyfseðlarnir gefnir út til 444 manna, og hafa sumir þeirra fengið marga lyfseðla, jafnvel yfir 20, en meiri hlutinn aðeins einn lyfseðil á tímabilinu. Mest kveður að áfengisúthlutunum síðustu tvo mánuði tímabilsins, og virðist þau því hafa farið vaxandi. Að því er upplýst er hafa einstakir áfengisseðlar hinna kærðu hljóðað um $\frac{1}{4}$ lítra áfengis og allt upp að 1 lítra. Nokkrir af mönnum þeim, sem fengu lyfseðlana, hafa verið yfirheyrðir fyrir rétti, og hafa þeir borið margvíslega um ástæðuna fyrir þessari vinnautn þeirra, svo sem að þeir hafi fengið áfengið við lystarleysi, erfðri meltingu, magaslæmsku, magapínu, köldu, gigt og við hárlösi;

sumir hafa kannast við að þeir hafi drukkið það örur en sem meðal, og enn aðrir hafa kannast við að þeir hafi aflað sér áfengisins til að gæða sér á því, til glaðnings og til nautnar. Hins vegar hafa báðir hinir kærðu haldið því fram, að þeir hafi engan áfengislyfseðil látið úti nema til lækninga, og aðeins fyrirskipað áfengið sem lyf til að lækna sjúkdóma og kvilla, en eftir því sem hér hefir verið skýrt frá hafa áfengisútlátin hjá hinum kærðu verið í mjög stórum stíl, og það svo að hverjum manni virðist hafa verið innan handar að afla sér áfengis með því að segjast hafa lystarleysi, kveisu o. s. frv. Eins og vitni þau sum, er leidd hafa verið í málinu, beina leið hafa kannast við, hefir töluvert af hinu umrædda áfengi verið fengið til nautnar (»til að gæða sér« »til glaðnings«), enda hafa sumir áfengisseðlarnir verið látnir úti til ungra og hraustra manna og sumir til manna, er sjálfir segjast hafa verið drykkjumenn (»vínmenn«). Eftir þessum atvikum, er eiga heima jafnt í máli beggja hinna kærðu, má telja það sannað, að þeir hafi gefið út til ýmsra lyfseðla fyrir áfengi, er notað hafi verið til nautnar.

Þó að hinir kærðu nú hafi haldið því fram, að þei rhafi eigi látið úti lyfseðlana í öðrum tilgangi en að áfengið yrði notað sem læknislyf, þá verður sú skýrsla þeirra eigi talin ábyggileg, þegar þess er gætt, hve mikið þeir gjörðu að því að láta úti áfengisseðla og að þeim gat eigi dulist það, að ýmsir þeirra manna, er leituðu til þeirra í þessum erindum, gerðu það aðeins til að afla sér áfengis til nautnar, og að frásögn þeirra um kvilla, er þeir þjáðust

af og vildu bæta með áfengi, var fyrirsláttur einn. En hafi þetta, eins og ætla má, verið hinum kærðu ljóst, þá verður að líta svo á, að það hafi verið tilgangur þeirra með því að láta úti áfengislyfseðla þegar svo stóð á, að gefa hlutaðeigendum færi á að afla sér áfengis til annars en lækninga. En með þessu hafa þeir gerst brotlegir gegn 17. gr. áfengisbannlaganna, og verða að sæta sektum fyrir. Með tilliti til þess, að hinir kærðu höfðu þegar áður sætt áminningu eða aðvörun landlæknis út af áfengislyfseðlunum, þykir rétt að ákveða sektina fyrir hvorn þeirra eftir hinni tilvitnuðu lagagrein 200 kr. og renni sektin í landssjóð. Allan kostnað málsins, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, verða hinir kærðu eftir þessum úrslitum að greiða, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðst 20 kr. fyrir hvorn þeirra, og greiða þeir kostnaðinn in solidum. Það vottast að meðferð málsins og rekstur í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinir kærðu læknar, Davíð Sch. Thorsteinsson og Eiríkur Kjerúlf, sæti hvor þeirra 200 kr. sekt, er renni í landssjóð. Svo ber þeim og in solidum að greiða allan kostnað þessa máls bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfir-

dóminn, yfirdómsmálaflutningsmanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen, 20 krónur til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. júlí 1917.

Nr. 40/1917.

Gunnar Ólafsson konsúll
gegn

Sighvati Bjarnasyni og Hannesi Hafstein bankastjórum f. h. Íslandsbanka.

D ó m u r :

Samkvæmt skuldabréfi, dags. 24. septbr. 1904, fekk Guðlaugur heitinn Guðmundsson sýslumaður 6000 kr. að láni í Íslandsbanka. Í skuldabréfinu eru meðal annars þau ákvæði, að lánþegi skuli endurborga lánið innan 6 mánaða frá nefndum degi, að vextirnir 5% séu greiddir fyrirfram fyrir áðurnefnt tímabil (6 mánuði), að til tryggingar lúkningu lánsins með vöxtum o. s. frv. selji lánþegi Íslandsbanka í hendur að handveði veðskuldabréf, dags. 28. júlí 1904 með veði í íbúðarhúsi og öðrum húsum á Kirkjubæjarklaustri, virtum samtals á 6355 kr., og að hann hafi til enn frekari tryggingar fengið Gunnar